

102
20. júlí

AUGLÝSING

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Kópavogshrepp.

Samkvæmt lögum nr. 19/1905 og lögum nr. 55/1921 hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Kópavogshrepp. Varnarþing í Kópavogshreppi.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. B. bls. 167—185).

Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1954.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

103 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnhildar Stefánsdóttur, Páls Benediktssonar, Steinunnar Gunnlaugsdóttur og Árna Jónssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1954. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar Stefánsdóttur, Páls Benediktssonar, Steinunnar Gunnlaugsdóttur og Árna Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Foreldrasjóður, og er stofnaður af hjónunum Guðlaugu Pálsdóttur og Guðmundi Árnasyni, Gilsárstekk, í tilefni af 50 ára hjúskaparafmæli þeirra 2. okt. 1953, og til minningar um foreldra þeirra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur — og skal hann ávaxtaður í íslenskum banka, sem ríkið ábyrgist.

3. gr.

Allir vextir leggjast við höfuðstól til ársins 1980, en þá skal fyrst verja $\frac{3}{4}$ vaxta til verðlauna samkv. 4. gr. 20 árum síðar skal næst veita verðlaun, og þá $\frac{4}{5}$ ársvaxtanna. Síðan skal verðlaun veita á 10 ára fresti, og jafnan $\frac{1}{5}$ ársvaxtanna í hvert sinn. Þegar sjóðurinn er orðinn 50 þúsund krónur, skal öllum vöxtum varið til verðlauna ár hvert, en höfuðstól má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þann bónda, sem ber af um mikla fóðuröflun á jörð sinni, samfara afbragðs fóðrun búfjár, og þá húsfreyju, sem skarar fram úr í trú og siðgæði og góðum heimilisreglum. Starfssvæði sjóðsins er innan marka Breiðdalshrepps eins og þau nú eru.